

## Fundargerð háskólaráðs 18. janúar 2017

### Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Finnbjörn Börkur Ólafsson fulltrúi starfsmanna, Einar Svansson fulltrúi kennara, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

**Fjarverandi:** Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnema, Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar, Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnema og Anna Elísabet Ólafsdóttir staðgengill rektors

**Áheyrnarfulltrúar:** Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri og Íris Gunnarsdóttir, áheyrnafulltrúi íbúaráðs.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt.

**2. Innritun nemenda á vorönn 2017**

Rektor kynnir innritunartölur nýrra nemenda á vorönn 2017. Í heild innrituðust 38 nýnemar á vorönn 2017, sem er ásættanlegt. Alls voru 104 umsóknir samtals í skólann á vorönn, þ.m.t. háskólagátt og símenntun.

**3. Fjármál – 11 mánaða uppgjör – áætlun 2017 – sala eigna**

Fjármálastjóri kynnir drög að uppgjöri fyrir 11 mánuði á árinu 2016.

Áætlun fyrir árið 2017, sýndi áður lækkun á ríkisframlagi en við lokameðferð fjárlaganefndar Alþingis kom til viðbótarframlag 53 millj. kr. þannig að skólinn er að fara inni árið með betri stöðu en búist var við áður. Sýnd er varfærni í tekjulíðum s.s. skólagjöldum o.fl.

Aftur verður reynt að selja eignir Vikrafells og Selfells ásamt rekstri hótelsins sem og aðra mögulega samsetningu eigna á svæðinu. Auglýst verður í lok mánaðarins. Fjármálastjóri tekur fram að bókunarstaðan hefur verið að batna að undanfögnu.

Fjármálastjóri yfirgefur fundinn.

**4. Gæðamál**

Rektor kynnir að verið að vinna að nýrri handbók gæðaráðs. Lögð hefur verið áhersla hér innanhúss að gæðamálin séu ávallt í vinnslu og í lifandi ferli innan skólans. Hinar árlegu heimsóknir á vegum gæðaráðsins eiga að nýtast betur en áður einkum sem endurgjöf frá gæðaráðinu.

Vinna þarf betur að „bench-marking“ að mati rektors, t.d. um innihald námskeiða í samanburðarskólum.

Búið er að senda bréf frá skólanum vegna endurskoðunar gæðahandbókarinnar.

**5. Fundur með nemendum – staða staðnáms á Bifröst**

Rektor kynnir að á morgun fimmtudaginn 19. janúar verði opinn fundur með nemendum um stöðu og framtíð staðnáms á Bifröst. Markaðssvið mun kynna áætlun um kynningu á náminu í skólanum. Síðan verður unnið í vinnuhópum fjallað um aðstæður fjölskyldna, tæknilegu hliðina, félagslífið, þjónustu á Bifröst o.fl. Starfsfólki er líka boðið að mæta sem og starfsfólki leikskólans.

**6. Markaðsmál**

Rektor kynnir yfirlit markaðsáætlunar, hluti af henni er að halda góðum sýnileika á skólanum í miðlun.

Háskóladagurinn er laugardaginn 4. mars, reynt verður að vera bæði í HÍ og HR.

Opni dagurinn í Háskólanum á Bifröst er laugardaginn 29. apríl.

**7. Önnur mál**

- a) Einar Svansson ræðir um opnun verslunarinnar á vinnuhelgi grunnema einkum á sunnudeginum, en nemendur hafa gert athugasemdir við takmarkaðan opunartíma. Telur að bæta megi hvernig matarmálum er háttað á vinnuhelgum. Hvatt er til þess að hótelið geri þjónustukönnun meðal fjarnema varðandi vinnuhelgarnar. Bent á að hægt er að setja upp sjálfsala t.d. kæli með skyri og gosi. Rektor fylgir málinu eftir.

Fundi slitið kl. 16.15

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, kennslustjóri

Samþykkt á fundi 22. febrúar 2017.